

Til bæjarráðs

Efni: Svör við fyrirspurn bæjarfulltrúa Steinþórs Einarssonar er varða framkvæmdir á Móaflöt.

Vegna framkvæmda við Móaflöt og Hagaflöt á árinu 2017 er óskað eftir upplýsingum um.

a) Hver var heildarupphæð dagsekta vegna framkvæmda?

Svar:

Ekki er búið að gera upp framkvæmdina í heild sinni, því hefur ekki verið farið yfir dagsektir við verktaka. Dagsektir eru, skv. útboðsgögnum, 100.000 kr. fyrir hvern almanaksdag sem verklok dragast fram yfir tilskilinn skiladag.

b) Hver var heildarkostnaður við eftirlit vegna framkvæmda?

Svar:

Kostnaður við eftirlit frá febrúar 2017 til og með janúar 2018 er 8.211.585 kr.

Tilboð verktaka í framkvæmdina á Haga- og Móaflöt er 172.672.500 kr. Búið er að framkvæma fyrir 176.194.197 kr. Lagnavinna er að mestu lokið, búið er að steypa stéttar á Hagaflöt ásamt botnlöngum og austur hluta á Móaflöt. Annar yfirborðsfrágangur er eftir.